

## Það eru tvítýngdir nemendur í bekknum mínum

---

### Tvítýngi

- Það er hægt að hugsa um tvítýngi út frá ýmsum sjónarhornum
- Marga tvítýngda nemendur vantar sérhæfðan skólaorðaforða, t.d. í lesgreinum
- Munum eftir að huga að því hvernig við getum hjálpað þeim; að auka orðaforða sinn og þekkingu

**Jafnvægt tvítýngi** (balanced bilingualism) og **misvægt tvítýngi** (dominant /unbalanced bilingualism).

Butler og Hakuta (2006): Jafnvægt tvítýngi er þegar einstaklingur hefur nákvæmlega sömu færni í báðum málum og misvægt þegar kunnátta er meiri í öðru málinu en hinu. Sumir fræðimenn telja jafnvægt tvítýngi aldrei raunhæft og segja að innra með einum tvítýngdum einstaklingi séu alls ekki tveir eintýngdir, heldur sé þetta einn tvítýngdur einstaklingur sem noti bæði tungumálin á ólíkan hátt og í ólíkum aðstæðum.

Hugtakið **jafnhliða tvítýngi** (simultaneous bilingualism) er notað um þá einstaklinga sem læra tvö tungumál í einu í uppvexti sínum. Þetta eru oft börn foreldra sem tala hvor sitt tungumál eða börn innflytjenda sem búa við móðurmál sitt heima en tungumál umhverfisins í skóla. Þórdís Gísladóttir (2004) segir rannsóknir benda á jákvæð áhrif tvítýngis á börn, t.d. hvað varðar þroskaða málvitund og hugvitssamlegar leiðir í lausnaleit.

**Áunnið tvítýngdi** (successive bilingualism) er hugtak sem á við um einstaklinga sem læra annað málið síðar á lífsleiðinni.

Algengar skilgreiningar á tvítýngi út frá ólíkum sjónarhornum (Skutnab-Kangas og Hyltenstam og Stoud):

1. **Upprunaviðmið:** Sá sem kallast skal tvítýngdur verður að hafa lært tvö tungumál jöfnum höndum í uppvexti.
2. **Kunnáttuviðmið:** Tvítýngdið er mælt á eins konar kvarða. Tvítýngdur einstaklingur getur verið allt frá því að vera nýbyrjaður að tala mál og upp í að vera „fullnuma“. Einstaklingurinn er staðsettur á ákveðnum stað á kvarðanum á hverjum tíma.
3. **Notkunarviðmið:** Skoðað er hvaða tungumál viðkomandi er fær um að nota við ólíkar aðstæður samkvæmt kröfum samfélagsins.
4. **Viðhorfsviðmið:** Gengið er út frá viðhorfi einstaklingsins og sjálfsmynd hans eða viðhorfi annarra til viðkomandi. Ýmist er það svo að viðkomandi skilgreinir sjálfa sig sem tvítýngdan eða hann er skilgreinur þannig af öðrum.

Hægt er að nálgast tvítýngi út frá mörgum sjónarhornum: Áhrif umhverfis, viðhorfa, væntinga, kennslu og kennsluaðferða, sjálfsmyndar, menningar og stöðu í samfélaginu.

Þegar orðaforði tvítýngds einstaklings er skoðaður er oftast aðeins verið að mæla annað málið og sá sem skoðar þekkir oft lítið til kunnáttu og færni í móðurmáli!


## Skóli og námsgreinar

Það er mikilvægt að geta tileinkað sér nýja þekkingu á mörgum ólíkum sviðum en oft eru námsbækur eldri nemenda á nokkuð flóknu tungumáli og margir þurfa aðstoð við að ná skilningi, kunnáttu og færni til að nýja sér þekkingu sem verður til.

## Hugtök og orðaforði námsgreina og skóla

### Mikilvægt að skoða:

- Fjölbreyttar kennsluaðferðir
- Er til námsefni sem er búið að aðlaga, stytta eða einfalda málfar?
- Getur verið stuðningur í að vera líka með námsefni á öðru tungumáli og lesa samhliða?
- Ekki leggja jafn mikla áherslu á allt námsefnið. Huga vel að aðalatriðum og aukaatriðum
- Velja lykilhugtök til að læra vel og tryggja skilning
- Hafa mikilvæg hugtök sýnileg – rifja þau upp og ræða þau til að festa þau í sessi
- Mjög mikilvægt: Tala saman og ræða námsefnið, rifja upp og spyrja spurninga
- Samvinna; paravinna og hópavinna
- Nota hugtakakort til að setja aðalatriðin niður á blað ef vill



### Að læra hugtök námsgreina:

Ákveða hvaða hugtök á að læra úr næsta kafla. Skrifa þau niður á blað – á báðum tungumálum sem nemanda eru töm, ræða og tryggja skilning:

Ég ætla að læra: útflutningsafurðir, vöruskiptajöfnuður, innflutningur

## Frelsi og velferð

Hugtak	Ég skil hugtakið	Sannaðu það!	Ég hef séð eða heyrt það áður	Hef enga hugmynd
Velferðarkort				
Neyslunefnd				
Jafnrétti				
Hippi				
Landhelgi				
Sólárja				

29

## Nemendur gera sér grein fyrir skilningi sínum

### Verkefni 4:

Ræddu við þann sem situr við hliðina á þér og fyllið inn í formið (2mínútur)

Orð	Ég skil orðið	Sannaðu það	Ég hef séð eða heyrt orðið áður	Hef enga hugmynd
Gleitt horn				
Ummál hyrnings				
Samsíða línur				

27

### Málfræði, ritun og tjáning:

Leiðréttá í hófi. Endurtaka rétt, frekar en benda sífelld á það sem er rangt. Dæmi:“Gamli vegurinn í Vaðlaheiði er mjög hlykkjaður.” - Já, það er rétt, hann er mjög **hlykkjóttur**.

Nota sér spil, vefi og annað sem getur vakið áhuga:

- <http://annamagneaverkefni.weebly.com/> ( Adobee reader)
- <http://fjolmenning.kopavogur.is/> (ýmis verkefni)
- <https://mms.is/> (rafbækur, hljóðbækur, vefir o.fl.)
- <https://erlendir.akmennt.is/>
- [Ambsbókasafnið](#) margt til þar, bæði á ensku og skoða líka millisafnalán – þar hafa Lionskonur verið á veturna, alla þriðjudaga milli kl. 16:30 og 17:30 með aðstoð við íslensku
- <https://laesisvefurinn.is/lestrarmenning/skolinn-og-heimilin/>
- [https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/01/sogukort\\_2020.pdf](https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/01/sogukort_2020.pdf)
- <https://mms.is/ordalistar-i-staerdfraedi-4-og-7-bekkur-concepts-mathematics>
- <https://reykjavik.is/foreldravefurinn/laerum-saman-tolum-saman-verum-saman>
- <https://mms.is/ordalisti-i-staerdfraedi-9-bekkur>